



Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skólamál í Laugardal og Laugarneshverfi.***

Á fundi borgarráðs 28. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins hefur spurt um skólamál í Laugardal og Laugarneshverfi og fengið þau svör að starfshópur sé að rýna í stöðuna með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla- og frístundastarfs. Starfshópurinn skilaði tillögum af sér síðastliðið vor en ekki hefur frést neitt frekar um málið. Fulltrúa Flokks fólksins og fleiri er farið að lengja eftir þarfagreiningu og sviðsmyndum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá að vita hvar þessi mál eru stödd og hvencær megi vænta þess að sviðsmyndir verði birtar.*

Á fundi borgarráðs 4. nóvember nk. verður lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Starfshópurinn hafði það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögum um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfunum.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar